

Ár 2025, föstudaginn 4. apríl er dómþing Dómstóls Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí) haldið, af Þóru Margréti Hjaltsted, varaformanni dómstólsins.

Fyrir er tekið: Mál nr. 6/2025 FRH.
Íshokkídeild Skautafélags Reykjavíkur
gegn
Íshokkídeild Ungmennafélagsins Fjölnis

Kæra ásamt fylgiskjölum liggur frammi í réttinum.

Er nú kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR

Málið var kært til skrifstofu ÍSí þann 1. apríl 2025 á grundvelli greinar nr. 24.3 í lögum ÍSí af Íshokkídeild Skautafélags Reykjavíkur. Kærði er Íshokkídeild Ungmennafélagsins Fjölnis.

Er málið nú á forræði dómara til að ganga úr skugga um að öll lagaskilyrði séu uppfyllt varðandi meðferð málsins fyrir Dómstóli ÍSí.

I.

Málinu er skotið aftur til Dómstóls ÍSí með vísan til greinar nr. 24.3 í lögum ÍSí en kærandi lagði fram kæru í máli nr. 6/2025 sem tók til dómkröfu í þessu máli sem vísað var frá dómi með úrskurði 26. mars 2025.

Kærður er leikur kærða og kæranda sem fram fór þann 7. janúar 2025 og þess krafist að dæmt verði að kærði verði dæmdur til að tapa leiknum 10-0 þar sem leikheimild Styrmis Snorrasonar, markvarðar kærða, hafi verið ólögleg, sbr. 1. gr. reglugerðar ÍHÍ nr. 3 um viðurlög við notkun ólöglegra leikmanna. Þá er þess krafist með vísan til 2. og 3. gr. reglugerðarinnar að kærði verði dæmdur til greiðslu fjársektar og vísað frá keppni í sex mánuði þar sem Styrmir hafi leikið ólöglega með kærða frá árinu 2022.

Kærandi fellur frá annarri og þriðju dómkröfu sem gerðar voru í málinu.

II.

Í kæru er fjallað um útgáfu Íshokkísambands Íslands (ÍHÍ) á leikheimild fyrir Styrmi Snorrason, markvörð kærða þann 16. mars 2022 m.a. með vísan til fylgiskjala sem láu til grundvallar í máli nr. 3/2025. Kærandi byggir dómkröfu sína á 1. gr. reglugerðar ÍHÍ nr. 3 um viðurlög við notkun ólöglegra leikmanna þar sem fram kemur að verði félag uppvíst að því að tefla fram ólöglegum leikmanni í íshokkíleik skuli mörk þess þurrkast út og það tapa leiknum með tíu mörkum (10-0). Þá er vísað til 2. og 3. gr. reglugerðarinnar þar sem fram komi að verði félag uppvíst að því að tefla fram ólöglegum leikmanni skuli dæma félagið í fjársekt og fyrir ítrekuð brot skuli félagið dæmt í fjársekt og vísað frá keppni í allt að sex mánuði eftir eðli málsins. Er í fylgiskjölum nr. 6-8 með kæru yfirlit yfir alla leiki sem Styrmir hefur leikið með kærða frá árinu 2022.

Í kæru er líkt og í fyrri kæru kæranda vísað til dóms í máli nr. 3/2025, en niðurstaða þess máls var að leikheimild leikmanns kæranda var talin ólögmet. Þá vísar kærandi til ummæla kærða í greinargerð í því máli sem kærandi telur fela í sér viðurkenningu kærða á broti gegn reglugerð ÍHÍ um félagaskipti og sýni fram á fulla vitund kærða um að hafa teflt fram ólögmetum leikmanni. Vísað er til þess að líkindi séu með atvikum í þessu máli og máli nr. 3/2025.

Kærandi vísar til þess að honum hafi ekki mátt vera ljóst að leikheimild Styrmis hafi verið ólöglegt fyrir en með dómi Dómstóls ÍSÍ í máli nr. 3/2025 auk þess sem upplýsingar sem kærði hafi gefið í því máli varðandi gildi leikheimildar réttlæti að svo sérstakar ástæður séu fyrir hendi að dómstóll ÍSÍ veiti undanþágu skv. grein 24.2 og taki kærana til efnislegrar meðferðar þrátt fyrir að kærufrestur vegna leikjanna sem kærana er tilkomin vegna sé liðinn. Jafnframt að þar sem kærði hafi verið talinn eiga ríka hagsmuni af aðild í máli nr. 3/2025 þá séu ríkar ástæður fyrir því að kæranda verði veitt undanþága frá kærufresti sbr. grein 24.2 laga ÍSÍ. Loks að hagsmunir séu miklir þar sem aðeins muni þremur stigum á kæranda og kærða í baráttu um úrslitasæti í Toppeild karla.

III.

Niðurstaða

Í málinu er þess krafist að kærði verði dæmdur til að hafa tapað leik milli kæranda og kærða sem fram fór þann 7. janúar 2025 þar sem leikheimild Styrmis Snorrasonar, markvarðar kærða, sem útgefin var á árinu 2022 hafi verið ólögleg. Vísar kærandi til niðurstöðu í máli nr. 3/2025 því til stuðnings þar sem leikheimild Styrmis Snorrasonar hafi verið gefin út með sama hætti og leikheimild í framangreindu máli. Jafnframt er krafist að kærði verði dæmdur til greiðslu fjársektar og honum vísað úr keppni vegna alvarleika brots þar sem leikmaðurinn hafi leikið ólöglega með kærða frá árinu 2022. Fyrir liggur að Áfrýjunardómstóll hefur vísað máli nr. 3/2025 frá Dómstóli ÍSÍ.

Samkvæmt grein 24.1 í lögum ÍSÍ er kærufrestur til Dómstóls ÍSÍ sjö virkir dagar talið frá og með deginum eftir að atvik það sem kært er bar við. Þá segir í grein 24.2 að Dómstóll ÍSÍ geti veitt leyfi til að mál sé höfðað eftir að kærufrestur er liðinn ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Með stuttum kærufresti í lögum ÍSÍ er leitast við því að tryggja stöðugleika og festu í mótahaldi, auk þess að fyrirbyggja að kærur vegna eldri atvika skapi óvissu og óróa fyrir þau lið og einstaklinga sem taka þátt í mótum í viðkomandi íþróttagrein jafnvel löngu eftir að atvik á sér stað.

Með vísan til framangreinds og aðstæðna að öðru leyti verður ekki séð að í málinu sé að finna aðstæður sem réttlæti að vikið sé frá kærufresti greinar 24.1 í lögum ÍSÍ sem kveður á um að kærufrestur sé sjö virkir dagar.

IV.

Úrskurðarorð

Máli þessu er vísað frá dómi.

Þóra Margrét Hjaltested

Málskotsheimild

Kærandi hefur jafnframt rétt til að áfrýja úrskurði þessum til Áfrýjunardómstóls ÍSÍ innan viku frá því aðila var kunnugt um úrskurðinn, sbr. gr. 35.1 og 35.3 laga ÍSÍ.